

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Möld, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað skvæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði.

Bílhrae og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bannað er að urða oliuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

#### 4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

#### 5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

#### 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Um brot á reglugerðinni skal farið með sem opinbert mál.

#### 7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér sem samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1973.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Sveinn Jónsson.*

## AUGLÝSING

### um breyting á tollskrárnúmeri 21.05.

Samkvæmt ákvæðum bókunar nr. 2 við samning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og ákvæði Viðauka D við EFTA-samninginn, falla jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang, eigi undir ákvæði þessara samninga um tollfríðindi. Þar eð jafnblönduð, samsett matvæli falla nú undir tnr. 21.05 samkvæmt breyting á lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., sem gekk í gildi 31. des.

1972, hefur með hliðsjón af ofangreindu og samkvæmt heimild (6. tl. 3. gr. sömu laga reynzt nauðsynlegt að breyta tnr. 21.05 á svofelldan hátt:

Tnr. 21.05.02 verði svohljóðandi:	Tollskrár- tollur	EFTA- tollur
21.05.02 Jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang .....	100%	—
Inn komi nýtt tnr. 21.05.03, er verði svohljóðandi:		
21.05.03 Önnur jafnblönduð, samsett matvæli .....	100%	70%*)
Inn kom nýtt tnr. 21.05.09, er verði svohljóðandi:		
21.05.09 Annað .....	100%	70%

Breyting þessi tekur gildi frá og með 1. apríl 1973 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

\*) EFTA-tollur gildir þó ekki fyrir vörur í þessu tollskrárnúmeri, sem fluttar eru inn frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upphaflegri mynd þess og frá Írlandi.

*Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1973.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Þorsteinn Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

### um innköllun 25 krónu peningaseðla.

#### 1. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands hefur ráðuneytið ákveðið að innkalla skuli eftirgreinda peningaseðla:

- 25 krónu seðil Landsbanka Íslands, seðlabankans, sem gefinn var út samkvæmt heimild í lögum nr. 63 frá 21. júní 1957, og settur í umferð hinn 7. maí 1960.
- 25 krónu seðil Seðlabanka Íslands, sem gefinn var út samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, og settur í umferð á árinu 1965.

#### 2. gr.

Frestur til að afhenda seðlana skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningaseðlum, sem greindir eru í 1. gr., og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningaseðlar þeir, sem greindir eru í 1. gr., lögætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hættu að vera lögætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningaseðlana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í 1. málslíð þessarar greinar.

#### 3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar m. a. með því að gefa út auglýsingur um hana.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22 frá 23. apríl 1968 og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 2. febrúar 1973.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Gylfi Knudsen.*